

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/394
komudagur 5.12.2008

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2009 (04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 20. nóvember 2008.

Nefndin fékk á sinn fund Arndísi Steinþórsdóttur og Sigurgeir Þorgeirsson frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti auk þess sem nokkur fjöldi gesta kom til fundar við nefndina vegna umsókna um fjárveitingu af safnliðum.

Heildarútgjöld sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis árið 2009 eru áætluð 18.906,7 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.122,8 m.kr. en þær nema 5,9% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 17.783,9 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 16.910,1 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 946,8 m.kr. inheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 73 m.kr., færist til lækkunar á á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 4.916,5 m.kr. og hækka því um 536,9 m.kr. milli ára. Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 818,6 m.kr. og verða 12.674 m.kr. munar þar mest, auk launa- og verðhækkana, um verðlagsuppfærslu búvörusamninga, þar sem gert er ráð fyrir að greiðslur vegna mjólkurframleiðslu hækki um 326,3 m.kr. og sauðfjárframleiðslu um 265,8. Gert er ráð fyrir að skuldbindandi samningar sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur gert nemi um 10.612,0 m.kr. árið 2009, samtals munu samningarnir því nema um 59,7% af heildarútgjöldum ráðuneytisins á næsta ári.

Nefndin tók fyrir skiptingu safnliðar 04-190-1.90, Ýmis verkefni, samkvæmt beiðni fjárlaganefndar. Tillögur nefndarinnar eru í meðfylgjandi fylgiskjali. Nefndin leggur til að safnlið 04-190-1.90 verði skipt samkvæmt sundurliðuninni en gerir ekki tillögu um ráðstöfun 13,3 m.kr. af fjárveitingunni. Nefndin ræddi mikilvægi þess að fé væri varið í verkefni sem ekki eru fjárfrek en eru líkleg til atvinnusköpunar og hafði það að leiðarljósi við úthlutun. Nefndin vekur athygli fjárlaganefndar á því að umsóknir Landverndar eru á safnlið hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og telur þær eiga heima hjá umhverfissráðuneyti. Nefndin gerir sömu athugasemdir við umsóknir samtakanna Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs og Gróður fyrir fólk í Fjarðarbyggð og telur þær einnig eiga heima hjá Umhverfissráðuneyti. Fjármálaráðherra hefur farið fram á að ráðuneytin leggi fram áætlun um 10% samdrátt í rekstri, en þær tillögur um niðurskurð liggja ekki fyrir hjá ráðuneytinu, nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að við niðurskurðinn sé lögð áherslu á að halda inni verkefnum sem líkleg eru til að skapa atvinnu og gjaldeyrstekjur en takmarka fjölda nýrra verkefna sem ráðist verður í.

Jón Gunnarsson og Gunnar Svavarsson voru fjarverandi.

Reykjavík, 5. desember 2008.
Arnbjörg Sveinsdóttir, form.,

Karl V. Matthíasson, varaformaður
Kjartan Ólafsson, Helgi Hjörvar

Atli Gíslason,
Valgerður Sverrisdóttir,
Grétar Mar Jónsson.